

# DEILISKIPULAG

Deiliskipulag skal gert á grundvelli aðalskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

	TÍMI	ÚRVINNSLA
ÁKVÖRÐUN UM GERÐ DEILISKIPULAGS		<ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarstjórn samþykkir að unnin skuli deiliskipulagstillaga og tekur afstöðu til hvort vinna þurfi lýsingu fyrir skipulagsgerðina. Sjá nánar um skipulagsgerð á vegum framkvæmdaraðila í skipulagsreglugerð.</li></ul>
LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNINU		<ul style="list-style-type: none"><li>Unnið að lýsingu<sup>1</sup> á skipulagsverkefninu á vegum sveitarstjórnar, þ.m.t. umfangi og áherslum í umhverfismati, þegar það á við.</li><li>Sveitarstjórn leitar umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila um lýsinguna og kynnir hana fyrir almenningi.</li></ul>
KYNNING Á SKIPULAGSTILLÖGU		<ul style="list-style-type: none"><li>Skipulagsnefnd kynnir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á fundi eða með öðrum fullnægjandi hætti. Heimilt er að falla frá slíkri kynningu ef ekki er þörf á lýsingu.</li></ul>
AFGREIÐSLA SKIPULAGSTILLÖGU TIL AUGLÝSINGAR		<ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa skipulagstillögu og umhverfisskýrslu<sup>2</sup>.</li></ul>
AUGLÝSING SKIPULAGSTILLÖGU	6 VIKUR	<ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarstjórn auglýsir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu<sup>2</sup> í Lögbirtingablaði og dagblaði sem er gefið út á landsvísu.</li><li>Auglýsingartími er að lágmarki 6 vikur. Skipulagsgögn skulu liggja frammi hjá hlutaðeigandi sveitarfélagi auk þess að vera aðgengileg á netinu.</li><li>Sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og öðrum umsagnaraðilum skipulagstillögu og umhverfisskýrslu og gefur þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum<sup>2</sup>.</li><li>Hver sá sem telur sig eiga hagsmuna að gæta getur gert athugasemdir og skal tilgreint í auglýsingu innan hvaða tímamarka og hvert skal senda athugasemdir.</li></ul>
AFGREIÐSLA SKIPULAGSTILLÖGU		<ul style="list-style-type: none"><li>Skipulagsnefnd fjallar um framkomnar athugasemdir og gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu.</li><li>Sveitarstjórn fjallar um málið og tekur afstöðu til afgreiðslu skipulagsnefndar og hvort gera þurfi breytingar á skipulagstillögu.</li><li>Eftir endanlega afgreiðslu þarf að liggja fyrir greinargerð með rökstuðningi með endanlegri afgreiðslu, þ.e. hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í deiliskipulagið, hvernig brugðist var við athugasemdum ásamt vöktunaráætlun<sup>2</sup>.</li><li>Sveitarstjórn sendir þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær.</li><li>Hafi borist athugasemdir er niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.</li><li>Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana aftur til umræðu í sveitarstjórn nema þegar áætlun er háð lögum um umhverfismat áætlana.</li><li>Sveitarstjórn sendir samþykkt deiliskipulag til Skipulagsstofnunar innan 6 mánaða frá því frestur til að skila athugasemdum rann út.</li></ul>
AFGREIÐSLA SKIPULAGSSTOFNUNAR	6 MÁN.	<ul style="list-style-type: none"><li>Skipulagsstofnun metur hvort tilefni er til að yfirfara deiliskipulagið m.t.t. þess hvort gallar eru á efnis- og málsmeðferð.</li><li>Skipulagsstofnun kemur athugasemdum á framfæri við sveitarfélagið innan 3 vikna frá því að skipulagsgögn bárust.</li></ul>
GILDISTAKA DEILISKIPULAGS	3 VIKUR	<ul style="list-style-type: none"><li>Hafi Skipulagsstofnun gert athugasemdir skal sveitarstjórn fjalla um þær og gera nauðsynlegar breytingar. Fallist sveitarstjórn ekki á athugasemdir stofnunarinnar um efni deiliskipulags skal hún gera rökstudda grein fyrir ástæðum þess.</li></ul>
	12 MÁN.	<ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarstjórn birtir auglýsingu um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Hafi auglýsing í B-deild ekki verið birt innan 1 árs frá lokum athugasemdafrestar tillögunnar telst deiliskipulagið ógilt og fer þá um málsmeðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga.</li></ul>

<sup>1</sup> Liggja meginmarkmið fyrir deiliskipulagsgerð í aðalskipulagi er heimilt að falla frá lýsingu.  
<sup>2</sup> Á við ef deiliskipulagið er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.